

Varnaraðili greiði kr. 74.200 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs, þar af eru kr. 65.000 málssóknarlaun til talsmanns sóknaraðilja, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1977.

Nr. 109/1975. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Guðsteini Þengilssyni
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1975 og gert þessar dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,
2. að dæmd verði hæfileg refsing fyrir ummælin,
3. að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda 30.000 kr. í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 29. janúar 1974 til greiðsludags,
4. að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 20.000 kr. úr hendi stefnda til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms í máli þessu í opinberum blöðum,
5. að birtar verði forsendur og dómsorð dóms í máli þessu í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins,
6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefna tekur til, eru í greininni: VL-fólk og vestræn samvinna, sem birtist í 23. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kom 29. janúar 1974. Stefndi er tilgreindur höfundur greinarinnar með fullu nafni, og ber hann samkvæmt 1. og 2. málsgrein 15. greinar laga 57/1956 refsí- og fóbótaábyrgð á efni hennar.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi. Stefndi hefur borið að þessum ummælum hafi ekki aðeins verið beint að áfrýjendum máls þessa, sem höfðu forgöngu um undirskriftasöfnun Varins lands, heldur og að öllum þeim, er að málefni þessu unnu með starfi að undirskriftasöfnun og með undirskriftum sínum. Í málflutningi stefnda er sérstaklega bent á fyrirsögn greinarinnar og á það, að enginn er þar nafngreindur.

Þegar á það er litið meðal annars, að í greininni er veist að tilteknum hópi manna, og einnig á það, að það var al-kunna frá upphafi, að áfrýjendur höfðu forgöngu um undir-

skriftasöfnun Varins lands og stjórnúðu framkvæmd hennar, verður að telja, að ummæli þessi beinist fyrst og fremst að áfrýjendum.

Verða hin átöldu ummæli tekin til álita, og eru þau auðkennd á þann hátt, sem gert er í héraðsdómi.

1. Stefndi tekur svo til orða, að hópur manna hafi það fyrir „aðaláhugamál“ sitt, að Ísland verði „hersetið“ áfram. Ummæli þessi þykja eigi varða við hegningarlög. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

2. a og b. Í þessum ummælum felst aðdróttun um, að annarlegar áslæður, svo sem hagsmunatengsl, hafi ráðið því, að áfrýjendur beittu sér fyrir undirskriftasöfnun undir áskorun Varins lands. Þessi ummæli varða við 235. grein almennra hegningarlaga 19/1940. Samkvæmt 1. málsgrein 241. greinar sömu laga ber að ómerkja þau.

3. Ummæli þessi varða ekki við hegningarlög.

4. Ummæli þessi eru móðgandi fyrir áfrýjendur og varða við 234. grein almennra hegningarlaga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þeirra.

5. Ummæli þessi varða ekki refsingu, en ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þeirra stendur óhaggað.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ummælum þeim, sem heimfærð eru til refsíákvæða, þ. e. liðir 2 a og b og 4, er beint að áfrýjendum sameiginlega vegna forgöngu þeirra að undirskriftasöfnun Varins lands. Enda þótt refsar beri fyrir þessi ummæli, þykja þau eigi eftir atvikum fallin til þess að valda áfrýjendum miska, sem bótaskyldur sé samkvæmt 1. málsgrein 264. greinar almennra hegningarlaga.

Dæma ber stefnda samkvæmt 2. málsgrein 241. greinar hegningarlaga til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 20.000 kr. til þess að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Rétt þykir samkvæmt 2. málsgrein 22. greinar laga 57/1966, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í

1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir að dómur þessi er birtur að lögum.

Dæma ber stefnda til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 140.000 kr.

D ó m s o r ð :

Ummæli, sem greinir í liðum 2 a og b, 4 og 5 hér að framan, skulu ómerk.

Stefndi, Guðsteinn Þengilsson, greiði 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda um miskabætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 20.000 kr. til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þennan í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 140.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda, nema að því er varðar miskabótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar áfrýjenda.

Þar eð stefndi hefur gert sig sekan um refsiverða meingerð gegn æru áfrýjenda, svo sem greinir í atkvæði meiri hlutans, og með tilliti til dómstólavenju í ærumeiðingarmál-

um teljum við, að áfrýjendur eigi rétt á nokkru fégjaldi úr hendi stefnda skv. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 2. júlí, hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstig 15, Ólafur Ingólfsson, B.A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geirstekki 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. júní 1974, gegn Guðsteini Þengilssyni lækni, Álfhólsvegi 95, Kópavogi, vegna ummæla, sem birtust í grein í 23. tbl. Þjóðviljans 1974. Grein þessi ber yfirskriftina: „VL-fólk og vestræn samvinna“. Stefndi er nafngreindur sem höfundur greinarinnar.

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Ummæli þessi eru:

- „1. „ . . . hópur manna, sem hefur það fyrir aðaláhugamál sitt, að Ísland verði hersetið áfram, . . . “
2. „ . . . Erfitt er að leiða getur að því, hvaða hvatir liggi að áhuga þessa fólks á því, að hafa Ísland hersetið . . . Margt bendir til þess, að þær séu undir niðri reistar á rökum, sem betur fer á að halda sem varlegast á lofti, t. d. það, að mál þetta er flutt af grunsamlega miklum ákafa. Varla getur farið hjá því, að gamalgróin herseta svo sem hér er, hafi skapað hagsmunatengsl, sem því erfiðara er að rjúfa þeim mun lengur sem líður . . . “
3. „ . . . geigvænlegu smekkleysi . . . “
4. „ . . . samblástur nokkurra auðnuleysingja . . . “
5. „ . . . Þeir færi nú fram sem ákafast bænaskrár sínar fyrir varanlegum herstöðvum . . . “

Síðan segir, að stefnendur geri svofelldar dómkreður:

„að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem á getur reynt skv. 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda fyrir sig kr. 30.000 í miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, með 9% ársvöxtum frá 29. janúar 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 kr. 20.000 í kostnað við að birta forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

að stefndi verði dæmdur skv. 22. gr. laga nr. 57/1966 til að sjá um, að birt verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins „Þjóðviljinn“, er út kemur eftir birtingu dómsins.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.“

Af hálfu stefnda, Guðsteins Þengilssonar, hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar í *fyrsta lagi*, að máli þessu verði vísað frá dómi með tilvísun til ákvæða 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Fari svo, að frávísunarkrafan yrði ekki tekin til greina, hefur hann í *öðru lagi* gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Þá gerir hann kröfu til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Í þinghaldi 18. mars sl. var málið sótt og varið um frávísunarkröfu stefnda. Með úrskurði, uppkveðnum þann sama dag, var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu: „Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „Varið land“. Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa

vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins“.

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 10. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum. Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til að fram komi, að íslenzkur almenn-ingur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „Varins lands“ varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áherzla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifta lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskra eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, en viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu

sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með nöfnum, sem á listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fölsk nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlzt íslenzkan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Var það dagblaðið „Þjóðviljinn“, sem reið á vaðið og lét aðallega að sér kveða í þessu efni. Birtust í blaði þessu frá því um miðjan janúar og fram eftir marz mánuði fjölmargar greinar í ýmsu formi, er beindust að framtaki „Varins lands“.

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð sinni:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til herasetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíþýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglinu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta svo í stefnu sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu“.

III.

Röksemdir málsaðilja.

Að hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 23. maí sl. hefur einn stefnenda, prófessor Þór Vilhjálmsson, m. a. þetta að segja: „ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu“. Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hyggt, veturinn 1972—1973, sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7.

gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hyggt, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar, og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt, að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratrúðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur“.

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður til umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meidýrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara er pólitískt athæfi, sem særir

helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að vika.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanagerðir. Í ummælunum er ekki sveigt á niðrandi hátt að persónulegum eiginleikum einstakra þátttakenda, heldur aðeins áfellt, — tæpitungulaust að vísu, — hið pólitíska atferli hópsins. Mun ég nú tína til nokkur réttlætningar atriði:

1. Undirskriftasöfnuninni var ætlað að hafa pólitísk áhrif á stjórnvöld með því að hún átti að sýna vilja eða skoðun þeirra, sem skrifuðu undir. Hvort tveggja er, að undirskriftasöfnun, sem aðferð við skoðanakönnun er bæði ónothæf (af því að hún er óáreiðanleg) og ólýðræðisleg. Gegn henni mæla sömu rök og lágu til grundvallar afnámi opinberra kosninga hérlandis og leiddu til þess að upp voru teknar leynilegar atkvæðagreiðslur. Það eru því ekki meiðyrði, þótt undirskriftasöfnunin sem slík sé fordæmd harkalega. Ég bendi í þessu efni á greinar Sigurðar Líndal, prófessors og forseta Lagadeildar Háskóla Íslands, sem birtust í Vísi í marz 1974 og ég legg hér fram.

2. Auk almenns pólitísks áhuga hefur umbjóðandi minn fastmótaðar skoðanir um þjóðfrelsismál. Hann var virkur þátttakandi á stúdentsárum sínum í baráttu stúdenta og kennara gegn erlendri ásælni. Hann vill, að Íslendingar ráði málum sínum sjálfir en séu ekki háðir erlendum ríkjum. Hann telur að erlend herseta skerði fullveldi okkar og sjálfsákvörðunarrétt eins og dæmin sanni. Hann telur, að hernaðarsamvinna Íslendinga geti ekki verið fólgin í öðru en að láta segja sér fyrir verkum. Af þessum ástæðum fara sjónarmið stefnenda um áframhaldandi hersetu harkalega í bága við hans skoðanir. Þess vegna grípur hann til pennans. Ummæli hans verður að virða í þessu ljósi.

3. Umbjóðandi minn er læknir og hefur megnustu fyrirlitningu á hernaði og styrjaldarrekstri. Sérstaka andúð hefur hann á Bandaríkjaher fyrir athæfi hans í Viet-Nam. Lengra í svívirðu

verður ekki komist að hans mati fyrir Íslendinga en að taka höndum saman í hernaðarsamvinnu við þá herforingja og stjórn-málamenn sem stjórnðu aðförum Bandaríkjahers í Viet-Nam. Af þessum ástæðum er atferli stefnenda sem hnefahögg framan í umbjóðanda minn. Ummæli hans verður jafnframt að virða í þessu ljósi.“

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf.

„Um 1.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr., en til vara 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 2.

Stefnendur telja þessi ummæli móðgandi og niðrandi fyrir sig. Með þeim er gefið í skyn, að til grundvallar frumkvæði þeirra að áðurgreindri undirskriftasöfnun séu annarlegir persónulegir hagsmunir þeirra, tengdir áframhaldandi dvöl varnarliðsins í landinu. Telja stefnendur ummælin refsiverð samkvæmt 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og að þau varði við 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 4.

Stefnendur telja ummæli þessi fela í sér móðgun og aðdróttun um ótilhlíðilegan tilgang frumkvæðis þeirra. Telja þeir ummælin varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 5.

Stefnendur telja þessi ummæli varða við 234. eða 235. gr. laga nr. 19/1940.“

Stefnendur rökstyðja síðan kröfur sínar frekar þannig:

„Stefndi ber bóta- og refsíabyrgð á hinum átöldu ærumeiðandi ummælum sem nafngreindur höfundur téðrar blaðagreinar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Umrædd blaðagrein var liður í margendurteknum ærumeið-

andi skrifum um stefnendur í „Þjóðviljanum“. Verður að ætlast til, að dómstólar tryggi mönnum æruvernd með virkum bóta- og refsiviðurlögum. Ljóst er, að ummælin í umræddri grein voru fallin til að valda stefnendum miska.“

Um einstök ummæli hefur lögmaður stefnda þetta að segja:

„Umbjóðandi minn reit grein í Þjóðviljann 29. janúar 1974, en honum blöskraði framferði þeirra, sem stóðu að undirskrifa-söfnun Varins lands á sjálfu þjóðhátíðarárinu. Í grein þessari sýnir höfundurinn tæpitungulaust, fram á fánýti hinna klassísku raka um erlenda hersetu á Íslandi og ræðir einnig um þá hug-sjón sumra Íslendinga, að þessi fámenna og vopnlausu þjóð okk-ar **eigi** að hafa hernaðarsamvinnu við önnur ríki, og þá einna helst við þá hernaðaraðila, sem mestu og verstu glæpina frömdu í Viet-Nam og hlutu alheimsfordæmingu. Grein sinni lýkur um-bjóðandi minn með því að láta í ljós þá von, að Alþingi og ríkis-stjórn takist að framkvæma þau áform sín að losa Ísland við erlendan her.

Ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir því hugarfari stefn-enda, að vilja hneppa pólitíska andstæðinga sína í tugthús fyrir svona skrif. Ef það er refsivert á Íslandi að skrifa grein eins og þá, sem læknirinn, umbjóðandi minn hefur skrifað, þá er úti um skoðanafrelsi og ritfrelsi í þessu landi.

Um 1.:

Hin umstefndu ummæli eru tekin út úr fyrstu málsgrein grein-arinnar, en í heild er hún svohljóðandi: „Þau furðulegu tíðindi hafa gerst, að kominn er fram á sjónarsviðið hópur manna, sem hefur það fyrir aðaláhugamál sitt, að Ísland verði hersetið áfram, og ætla þar með að vinna gegn því, að eitt veigamesta atriðið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar verði framkvæmt“. Um-mæli þessi telja stefnendur vera refsiverð og sýnir nú fátt betur **fáránleik þessara málaferla**. Umbjóðandi minn er í þessari máls-grein að skýra frá hreinum staðreyndum, sem ekki verða hrakt-ar. Hvorki í stefnu né greinargerð er reynt að rökstyðja á hvern hátt þessi staðreynðalýsing umbjóðanda míns varði við lög. Hins vegar hafa stefnendur í máli sínu gegn Rúnari Ármanni Arthúrs-syni, stud. phil., rökstutt refsikröfu sína út af svipuðum um-mælum með þeim hætti að telja, að í þeim felist aðdróttun um, að herseta í landinu sé stefnendum sérstakt keppikefli. Það er augljóst hverjum manni, sem læs er á íslenska tungu, að sam-

kvæmt yfirlýsingum stefnenda þegar þeir hleyptu undirskriftasöfnuninni af stað, var henni ætlað að hafa þau áhrif á stjórnvöld í landinu, að þau hættu við yfirlýst áform sín um að láta herinn fara. Augljóst er því, að það hefur verið áhugamál þessa hóps manna, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu, að láta herinn *vera*, það er að segja, að láta Ísland *vera* hersetið áfram. Í stefnu þessa máls er vitnað í yfirlýsingar stefnenda í upphafi söfnunarinnar og er þar talað skýru máli um áhugamál þessa hóps: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu. Við teljum fulla ástæðu til að fram komi, að íslenskur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“ Þarf frekari vitna við en þeirra eigin orð um áhuga stefnenda fyrir því að Ísland verði hersetið áfram?

Um 2.:

Ég vil vekja athygli dómarans á því, hvernig stefnendur skeyta þessi ummæli saman á milli dálka í blaðagreininni. Hitt er rétt, að í bollaleggingum sínum um það, hvað liggi að baki áhuga fólks fyrir því að Ísland sé hersetið, íar hann í það, að hagsmunatengsl, sköpuð af gamalgróinni hersetu geti hér verið eins þung á metunum og hin opinberu rök um öflugar varnir og hin- ar merkilegu hernaðarsamvinnuhugsjónir. Það er enda opinber staðreynd, að slík hagsmunatengsl fylgja erlendri hersetu, bæði hér á landi og annars staðar. Auðvelt verður undir rekstri þessa máls að sýna fram á bein hagsmunatengsl ýmissa aðila við erlenda hersetu hér. Þeir sem í upphafi vöruðu við því, að hleyppa erlendu herliði inn í landið, höfðu einmitt þessi hagsmunatengsl og slævandi áhrif þeirra í huga. Á hinn bóginn mega stefnendur þessa máls ekki lesa ummælin á þann veg, að með þeim sé drótt- að að þeim, að þeir, einhverjir, eða allir stundi hermang. Ljóst er hins vegar, að hermangið er fylgifiskur erlendrar hersetu og greinarhöfundur lætur að því liggja, að hagsmunatengsl her- mangsins sé jafn ríkur þáttur í áhuga þeirra, sem vilja hafa hér erlendan her og hitt, að Ísland sé vopnum varið og að Ís- lendingar stundi hernaðarsamvinnu við erlend ríki. Auðvitað er greinarhöfundi rétt og heimilt að hafa þessa skoðun á hlut- uunum og fráleitt er, að telja þessi ummæli móðgandi fyrir stefn- endur. Ég mótmæli því að þetta séu refsiverð ummæli.

Um 3.:

Þessi ummæli telja stefnendur líka móðgandi fyrir sig. En leyfist manni að spyrja: Er það ekki meiriháttar smekkleysa að minnst 11 hundruð ára byggðar á Íslandi með því að undirrita áskorunarskjal til stjórnvalda um að halda áfram tvíbýli við erlent herlið í landinu? Greinarhöfundur má hafa þá skoðun, að undirskriftasöfnunin sé smekkleysa, og verður tæpast talið, að hann fari þar offari í orðavali. Ég mótmæli því harðlega, að þessi ummæli séu refsiverð.

Um 4.:

Því er mótmælt, að þessi ummæli geti verið móðgun fyrir stefnendur eða séu á annan hátt refsiverð. „Samblástur“ er réttnefni á þeim aðgerðum, sem stefnendur efndu til í því skyni að koma í veg fyrir áform þáverandi ríkisstjórnar um að láta herinn fara. Einnig sýnist ekki ofmælt, að þeir, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu, séu auðnulausir menn, þegar horft er til framtíðarinnar og það virt, að svo gæti til tekist fyrir þeirra tilverknað, að Ísland yrði hersetið um langan aldur. Og er þá bæði haft í huga lífshamingja þeirra sjálfra og niðja þeirra, svo og auðna íslensku þjóðarinnar í heild.

Um 5.:

Um þessi ummæli gildir það, sem ég sagði hér að framan um nr. 1. Með þessum ummælum er greinarhöfundur aðeins að lýsa þeim staðreyndum, að stefnendur fóru sem ákafast með undirskriftaskrár sínar, sem í rauninni eru bænarskrár fyrir áframhaldandi hersetu og herbækistöðvum erlendra herja á Íslandi. Annað verður því ekki sagt um þessi ummæli, en þau séu staðreyndalýsing með vægu orðalagi og refsilaus með öllu.“

Þá rökstyður stefndi sýknukröfu sína frekar þannig:

„Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Ekki verður séð, að hópurinn hafi orðið fyrir nokkrum miska og útilokað er, að reikna út miskabóta-kröfu pro rata á 12 menn af 14 í hópnum, sbr. 46. gr. einkamálaganna. Opinber ummæli eins aðilans úr hópnum, prófessors Jónatans Þórmundssonar, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til

Þess að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppþættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram:

Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt, að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens prófessors, Fjölmæli, á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd“. Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði og ber því með stoð í 239. gr., sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.

Með því að útgefanda og/eða ritstjóra Þjóðviljans er ekki stefnt í máli þessu, ber að sýkna umbjóðanda minn vegna aðildarskorts af þeirri kröfu, að hann verði dæmdur til þess að sjá um að dómur í máli þessu verði birtur í Þjóðviljanum.“

Við munnlegan flutning málsins vitnaði lögmaður stefnda einnig til framburðar hans hér fyrir dóminum og taldi, að stefndi hefði ekki átt við stefnendur sérstaklega með ummælunum og væru þeir því ekki réttir aðiljar málsins. Þessu mótmælti lögmaður stefnenda sem of seint fram komnu og vitnaði til þess, að í greinargerð sé þessari málsástæðu ekki hreyft.

IV.

Yfirheyrslur.

Endurrit umfangsmikilla yfirheyrslna hafa verið lögð fram í málinu. Umfangi þeirra hefur að nokkru ráðið, að hér er aðeins um að ræða eitt af mörgum málum, sem stefnendur hafa höfðað vegna meintra fjölmæla út af undirskriftasöfnuninni, sem efnt var til undir kjörorðinu „Varið land“. Yfirheyrslurnar eða hluta þeirra má nota í öllum þessum málum, og horfði því til verksparnaðar að fara ekki nákvæmlega eftir þeirri gullnu reglu að leggja aðeins það fram, sem beinlínis skiptir hér máli, enda erfitt

að vinsa það úr öllum yfirheyrslunum. Yfirheyrslur þessar hafa horft til mikils skýringarauka fyrir dóminn. Þrátt fyrir það þykir hér ekki nauðsynlegt að skýra frá nema litlu af efni þeirra.

Nokkrir stefnenda hafa komið fyrir dóm, og hafa sumir þeirra m. a. nefnt dæmi þess, að þeir hafi orðið fyrir aðkasti vegna, að því er þeir telja, skrifa stefnda og annarra í Þjóðviljann. Hafa þeir m. a. nefnt sem dæmi mótmæli 152 aðilja við málssóknum þeirra á hendur blaðamönnum og rithöfundum vegna meintra meiðyrða. Skjal þetta liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 9.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá, að með ummælum sínum í greininni, sem hefur orðið stefnendum tilefni til málssóknar, eigi hann alltaf við sama hópinn, þ. e. alla sem að undirskriftunum unnu beint eða óbeint, og alla undirskrifendur líka. Hann tók það fram, að þegar greinin var rituð, hafi undirskriftasöfnunin verið skammt á veg komin. Honum hafi verið það kappsmál að draga frekar úr fjölda þeirra, sem skrifuðu undir, en stefnendur hafi verið farnir að guma af fjölda þeirra. Hann hafi því talað um „nokkra“ í greininni. Hann hafi, þegar greinin var rituð, ekki haft nokkurn stefnenda persónulega í huga.

V.

Álit dómsins.

Aðild.

Stefnendur gengust fyrir og stjórnðu framkvæmd undirskriftasöfnunar undir kjörorðinu „Varið land“, en því er ekki mótmælt af stefnda, að undirskriftasöfnun þessi hafi verið tilefni greinar hans í 23. tbl. Þjóðviljans 1974. Með hliðsjón hér af verður að telja, að stefnendur eigi þegar af þessum ástæðum aðild að máli þessu.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta

mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfar skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla sé ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkt, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnamála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmleg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands“, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórn málaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölin. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herðvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlandis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennu verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið, og slíkur almenn undir-

skriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórn málaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælenda ábyrgð.

Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og grein stefnda birtist í Þjóðviljanum, hafi þar birst fjöldi áþekkra greina. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í Þjóðviljanum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í 23. tbl. Þjóðviljans 1974. Stefndi er nafngreindur höfundur þessarar blaðagreinar og ber ábyrgð á henni, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Hann hefur hér fyrir dóminum sagst í greininni hafa átt við alla, sem að undirskriftasöfnuninni unnu, og undirskrifendur einnig. Hér að framan hafa stefnendur, sem stóðu fyrir undirskriftunum, verið taldir geta höfðað mál út af meintum meiðyrðum vegna söfnunar þessarar. Þótt þeirra persónulega sé ekki getið, verða a. m. k. sum ummælin ekki öðru vísi skilin en að einnig sé átt við þá, enda hefur stefndi ekki mót-mælt því.

1. Orðið herseta, sem kemur fyrir í setningunni, hafa þeir, er andvígir eru dvöl bandaríska herliðsins hér, notað í málflutningi sínum. Rétt skýrt mun orðið merkja dvöl hers á landi að óvilja þeirra, sem landið byggja. Hins vegar hefur það verið svo almennt notað, að merkingin vill brenglast í notkun, og einnig, sé það notað af andstæðingi herdvalarinnar, getur það lýst skoðun hans á dvöl herliðsins. Þegar þetta er haft í huga og þau sjónarmið, sem að framan eru talin í almenna kaflanum, þykir umræðum um dvöl herliðsins ekki verða settar það þröngar skorður, að ummæli samkv. þessum lið verði látin varða við hegningarlög.

2. Ummælum samkv. þessum lið er skipt í 2 a og 2 b samkv.

áþendingum lögmanna í málflutningi, enda er hér um að ræða aðskilin ummæli.

2 a. Ummæli þessi ein sér þykja ekki varða við hegningarlaga-ákvæði, en rétt þykir að meta þau út af fyrir sig.

2 b. Hér er átt við, að margt bendi til, að kröfur um áframhaldandi hersetu séu undir niðri reistar á ákveðnum rökum o. s. frv. Ummæli þessi, eins og þau eru fram sett, eru svo almennt orðuð, að ekki verður talið, að þau þannig löguð fari út fyrir þau mörk, sem rétt þykir að setja þessari umræðu. Þau þykja þannig ekki verða heimfærð undir hegningarlagaákvæði.

3. Hér er að visu harkalega til orða tekið, en ummælin lýsa skoðun, sem telja verður stefnda frjálsan af að tjá, eins og hér háttar til.

4. Ummæli samkvæmt þessum lið þykja allt of stóryrt og vera óviðurkvæmleg. Ber því, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, að ómerkja þau. Hins vegar þykir með tilvísun til þeirra raka, sem upp eru talin í almenna kaflanum hér að framan, ekki vera efni til að refsa fyrir þessi ummæli.

5. Ummælin, eins og þau eru fram sett, þykja óviðurkvæmleg, og ber samkv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau. Hins vegar þykir ekki verða refsað fyrir þessi ummæli frekar en þau næstu á undan.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum „Varins lands“ og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmalastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmalastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 20.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og niðurlag dóms þessa í 1. eða 2. töl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Í bókun, framlagðri 24. okt. 1974, gerðu stefnendur stefnda það sáttaboð, að þeir féllu frá kröfum sínum, málskostnaður félli niður, en stefndi lýsti því yfir, að með því að gera sáttina teldi hann umstefnd ummæli ómakleg.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 25.000 í málskostnað, er þá tekið tillit til þess, að stefnendur hafa höfðað fleiri mál vegna ummæla, sem sprottin eru af undirskriftasöfnun þeirra, og vinna í einu máli sparar mikla vinnu í hinum málunum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Guðsteins Þengilssonar, sem birtust í 23. tbl. Þjóðviljans 1974 og talin eru í stefnu undir liðum 4 og 5, skulu dauð og ómerk.

Stefnda, Guðsteini Þengilssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Stefndi, Guðsteinn Þengilsson, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgassyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmondssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmsyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.